

og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, og er þar með talinn kostnaður af varðhaldi hans og málfærslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. dag maimánaðar.

Nr. 47/1912:

Stefán Th. Jónsson  
 gegn  
 Otto Tulinius.

#### D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar af hendi stefnda, konsúls Otto Tulinius kaupmanns á Akureyri, gegn áfrýjandanum, konsúl og kaupmanni á Seyðisfirði Stefáni Th. Jónssyni, til greiðslu á skuld að upphæð kr. 438.06, stafandi frá úttekt síldveiðaskípsins »Svanen«, eignar áfrýjanda við verzlun stefnda á Akureyri, en í sambandi við þessa málshöfðun höfðaði áfrýjandi gagnsóknarmál gegn stefnda og krafðist greiðslu og að nokkru leyti skuldajafnaðar á kr. 846.72, er hann taldi stefnda eiga að greiða sér sem skaðabætur fyrir óleyfilega meðferð á 144 tunnum af síld. Var málið dæmt í tédum rétti 27. apríl f. á. þannig, að áfrýj-

andi (stefndi í aðalsökinni) skyldi greiða stefnda (aðalstefnanda fyrir gestaréttinum) kr. 327.75 með 5% vöxtum p. a. frá stefnudegi 18. júní 1910 til borgunardags, og stefndi vera sykn af kröfum áfryjanda í gagnsóknarmálinu, en málskostnaður í báðum málunum var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. okt. f. á. og krafist þess, að skuldakrafa stefnda á hendur honum verði samkvæmt kröfu sinni fyrir gestaréttinum enn færð niður um 99 kr. 24 aur., svo að honum verði að eins dæmdar kr. 228.51, og að gagnkrafta sín kr. 846.72, verði, svo sem þarf, látin ganga til skuldajafnaðar gegn þeirri upphæð, er stefnda verður dæmd, þannig að áfryjandi verði alsýknaður af kröfu stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess í aðalsökinni, að hinn áfryjaði dómur verði staðfestur og áfryjandinn dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Í gagnsökinni hefir engin sáttaumleitun fram farið fyrir gestaréttinum, og ber því að vísa henni frá gestaréttinum og dæma dóminn ómerkan að því er hana snertir.

Fyrir yfirdóminum kemur þá aðalmálið eitt til álita, og þó að eins að því leyti áfryjandi krefst enn frekari niðurfærslu á skuldakröfu stefnda á hendur honum, því að stefndi hefir eigi gagnáfryjað málinu.

Skuld sú, er áfryjandi krefur stefnda um í máli þessu, er svo til komin, að síldveiðaskipið »Svanen«, eign áfryjanda, stundaði um tíma í júlí og ágúst 1909 síldveiðar frá Akureyri, og lagði upp afla sinn þar, og

annaðist stefndi fyrir áfrýjanda verkun aflans og afgreiðslu til sendingar og sölu á útlendum markaði. Tók þá skipstjóri skipsins út ýmsar vörur hjá stefnda, er skipið þarfn- aðist til úthaldsins, veiðarfæri o. fl. Hefir stefndi lagt fram reikning yfir öll þessi viðskifti, og er skuld áfrýj- anda til hans út af þeim, að frádregnu söluandvirði afl- ans og öðrum tekjum áfrýjanda, er færðar voru til í þeim reikningi, talin vera kr. 438.06 eða upphæð sú, er aðal- sökin í máli þessu var höfðuð út af. Af þessari upphæð mótmælir áfrýjandi og taldi sig ranglega skuldaðan fyrir í reikningi stefnda kr. 209.55, og tók gestarétturinn til greina af þeim mótmælum kr. 110.31.

Af þeim kr. 99.24, sem eun eru, að áleti áfrýjanda, ranglega taldar honum til skuldar í reikningi stefnda, verða ekki feldar úr reikningnum kr. 64.24 (fyrir pláss- leigu af 94 tunn., 14 búnt af tunnuböndum og 180 tunnutappa), þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi virðist fyrir gestaréttinum hafa fallið frá ákveðnum mótmæl- um gegn þessum liðum reikningsins. Öðru máli virðist aftur vera að gegna um 35 kr. þær, sem þá er enn spurning um í reikningi stefnda. Stefndi færir þar áfrýj- anda til skuldar 200 tómar tunnur, en áfrýjandi neitar, að skipið hafi fengið fleiri en 190, og séu því oftaldar 10 tn. á kr. 3.50, eða 35 kr. En stefndi hefir gegn mótmælum áfrýjanda enga sönnun fært á það, að tunn- urnar, sem skipið fekk, hafi verið fleiri en 190, þvíorki með staðfestu eftirriti úr verzlunarbókum sínum né á annan hátt, og verða því greindar 35 kr. ekki dæmdar honum, heldur verður að draga þær frá dómsupphæðinni.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins í aðal- sökinni þau, að áfrýjanda ber að greiða stefnda kr. 327.75

÷ kr. 35.00, eða kr. 292,74 með 5% vöxtum á ári frá stefnudegi til borgunardags, en gagnsökinni ber að vísa frá gestaréttinum og dæma dóminn ómerkan, að því er hana snertir.

Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi virðist í báðum málunum eiga að falla niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Stefán Th. Jónsson konsúll greiði stefnda konsúl Otto Tulinus 292 kr. 75 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 18. júní 1910 til borgunardags. Gagnsökinni vísast frá gestaréttinum, og dómurinn á að vera ómerkur, að því er hana snertir. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 2. dag júnímánaðar.

Nr. 48/1912:

Pálmi Jónsson

gegn

Davíð Jónssyni.

#### Dómur:

Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður á Akureyri höfðaði mál þetta fyrir hönd áfrýjanda Pálma Jóns-